

Nd.

427. Breytingartillögur

[196. mál]

við frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr. er verði 2. gr. og orðist svo:

Lánveitingar samkvæmt lögum þessum skulu sérstaklega miða að því að leysa fjárhagsvanda þeirra bænda sem hafa nýlega hafið búskap, staðið í gagngerri uppbyggingu eða endurbótum á bújörð sinni eða búa við sérstaklega erfiðan fjárhag vegna fjölskylduaðstæðna.

2. Á eftir 4. gr. (er verði 5. gr.) komi ný gr. er verði 6. gr. og orðist svo:

Innlánsstofnunum er skylt að taka við bankavxtabréfum er gefin verða út samkvæmt lögum þessum. Seðlabankinn endurkaupir þessi bréf.